



Nordplus Nordens Sprog – tungumál



Kennir þú eða vinnur með norræn tungumál? Hefur þú áhuga á að taka þátt í tengslanetum og verkefnasamstarfi þvert á landamæri? Nordplus Nordens - tungumál veitir styrki til samstarfs um tungumál milli Norðurlanda og Eystrasaltsríkja.

Undirbúningsheimsóknir

Kennarar og leiðbeinendur geta sótt um styrki til undirbúningsheimsókna til samstarfsaðila á Norðurlöndum eða í Eystrasaltsríkjum.

Styrkurinn er ferða- og upphaldsstyrkur til að taka þátt í sameiginlegum fundum stofnana frá nokkrum löndum. Markmiðið að kanna samstarfsmöguleika og undirbúa umsóknir í Nordplus Nordens Sprog.

Almennt er hægt að sækja um styrki til að halda einn undirbúningsfund sem varir að hámarki fimm daga, þar með eru taldir ferðadagar. Tveir geta tekið þátt frá hverri stofnun.

Ein af samstarfsstofnunum skal halda undirbúningsfundinn. Einungis er hægt að sækja um styrk vegna ferða þeirra þátttakenda sem sækja fundinn.

Formlegar kröfur

Styrkir: föst upphæð í ferða og upphaldsstyrk.

Verkefnistími: 1 ár.

Lengd verkefna: Að hámarki fimm dagar þ.m.t. ferðadagar.

Samstarfsaðilar: a.m.k. tvær stofnanir frá a.m.k. tveimur Norðurlöndum/Eystrasaltsríkjum.

Umsóknarfrestur: 1. febrúar og 1. október.

Verkefni og tengslanet

Nordplus Nordens Sprog styrkir tengslanet, sem hafa það að markmiði að mynda nýtt samstarf til framtíðar á öllum sviðum og í öllum greinum norrænnar tungumálakennslu. Tengslanetin skulu byggja á sameiginlegu þema, áskorun eða spurningu.

Nordplus Norden Sprog styrkir einnig þróunarverkefni, sem miða að því að þróa ný námskeið,

námskeiðsgerð, aðferðir, efni og fleira sem bætir gæði norrænnar tungumálakennslu og kemur til móts við nýjar þarfir.

Formlegar kröfur

Styrkir: raunkostnaður með eiginfjármögnun a.m.k. 25%.

Í þróunarverkefnum er hægt að fá styrk vegna tíma sem nýttur er í þróun verkefnis, tíma sem nýttur er í mótun tengslaneta má nýta sem eigið framlag.

Lengd verkefna: 1-3 ár

Samstarfsaðilar: a.m.k. tvær stofnanir frá a.m.k. tveimur Norðurlöndum/Eystrasaltsríkjum.

Umsóknarfrestur: 1. febrúar.

Nordplus Nordens Sprog – tungumál

Nordplus Nordens Sprog veitir árlega 635.000 evrur í styrki til verkefna sem auka veg og vanda norrænna tungumála á Norðurlöndum og í Eystrasaltsríkjum.

Allir sem starfa að menntamálum og aðrir sem láta sig málið varða geta sótt um styrkina. Meginmarkmiðið er að efla þekkingu á norrænum tungumálum.

Einnig er unnt að sækja um styrki til tungumálakennslu fyrir innflytjendur eða flóttamenn á Norðurlöndum og í Eystrasaltsríkjum.

Áætlunin nær til tungumála sem notuð eru á Norðurlöndum sem eru: danska, finnska, færeyska, grænenska, íslenska, norska, samíska, sænska og norræn táknmál.


Markhópur

Þeir sem vinna með norræn tungumál Nordplus Nordens Sprog geta sótt um styrkina. Þeir eru til dæmis:

háskólar og rannsóknastofnanir, grunnskólar og framhaldsskólar, stofnanir, félög, einkafyrirtæki, frjáls félagasamtök og aðrir óformlegir kennslustaðir og tengslanet.

Frekari upplýsingar: www.nordplusonline.org – Hvernig sótt er um.

Lönd sem eiga aðild að Nordplus



- | | | |
|---------------|-----------|------------|
| ● Grænland | ● Noregur | ● Finnland |
| ● Ísland | ● Svíþjóð | ● Litháen |
| ● Færeyjar | ● Danmörk | ● Lettland |
| ● Álandseyjar | | ● Eistland |

Um Nordplus

Nordplus áætlunin er stærsta menntaáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar. Áætlunin hefur árlega 9,3 milljónir evra til umráða til að styrkja mannskípti, verkefni og tengslanet á Norðurlöndum og í Eystrasaltsríkjum. Nordplus áætlunin skiptist í fimm undiráætlanir sem í sameiningu taka á allri menntun frá leikskóla og grunnskóla til æðri menntunnar og fullorðinsfræðslu.

Frekari upplýsingar um Nordplus þar sem einnig má nálgast umsóknareyðublöð eru á vefsíðunni nordplusonline.org. Ef þörf er fyrir frekari leiðbeiningar eða upplýsingar er velkomið að hringja í okkur eða senda okkur tölvupóst.

nordplusonline.org/contact

 Nordplus